

Voðamennið Vladimir Putin

Vafalítið er forseti Rússlands (sem sumir halda, að enn séu Ráðstjórnarríkin, sem létust fyrir aldurfjórðungi síðan) meðal hötuðustu manna á Vesturlöndum. Því er í síbylju spáð, að tími forsetans sé kominn, að hann sé um það bil að geipsa golunni sökum veikinda eða að landar hans gefi honum langt nef.

Fréttastofa RÚV, sem er iðin við þann kolann – og gersamlega blygðunarlaus – flutti frétt af fundi leiðtogans með mæðrum drepinna hermanna, þar sem einmitt er látið liggja að gífurlegum óvinsældum hans. (En flutti þó ekki fréttir af svipuðum atburði í Úkraínu, samkvæmt þeim fréttaflutningslögum, sem gilda á þeim bæ.)

Sergei Lavrov, utanrikisráðherra, fær reyndar einnig að finna til tevatnsins á RÚV. T.d. lét Bogi Ágústsson þá skoðun í ljósi, að nóg væri komið af bulli þess manns.

En eins og allir vita, er varla nokkuð að marka fréttir, sem frá alþjóðlegum fréttaveitum kemur, og eru lesnar upp í meginstraumsmiðlum Vesturlanda. Það sama má um fréttir Úkraínumanna og Rússa segja.

Þó gerðust þau undur og stórmerki, að niðurstöður nýlegra kannanna, af rússneskum og bandarískum toga, gáfu svipaða niðurstöður eins og átti á sínum tíma við um viðhorf íbúa Krímskaga til aðildar að rússneska ríkjasambandinu.

Vladimir hefur tapað trausti á sumum sviðum. Tengsl við Evrópusambandið og Bandaríkin eru þar á meðal. Traustið er að jafnaði um um 70%, heldur læra en traust til forystu hans í Úkraínudeilunni, sem hefur lækkað niður í 63%. En landsmenn Vladimir eru ánægðir með Kínastjórnarmál ríkisstjórnarinnar. Heil 90% lofa þau. Spillingarmálin eru á hinum enda stigans eins og við mátti búast. Þar fellur traustið niður í 49%, og harla fáir trúa því, að Vladimir sé saklaus af henni.

En þegar öllu er á botninn hvolft bera um 80% landsmanna almennt traust til þessa voðamennis.

Traust er víða á hverfanda hveli hjá fjandmönnum Rússa líka. Þeir sprengja í tætlur eígur hvers annars, stunda hryðjuverk. (Stríðsyfirlýsing hefði það einhvern tíma verið kallað.) Þeir hlunnfara hvern annan, sitja á svikráðum í viðskiptum, skjóta eldflaugum hver á annan og reyna hallarbyltingar hver hjá öðrum. Ég hef ekki rekið augun í „traustsmælingar“ af þeim vettvangi.

<https://www.statista.com/chart/9776/how-russians-feel-about-corruption/>

<https://abouthungary.hu/blog/sanctions-bring-us-closer-and-closer-to-war>

<https://www.politico.eu/article/vladimir-putin-war-europe-ukraine-gas-inflation-reduction-act-ira-joe-biden-rift-west-eu-accuses-us-of-profiting-from-war/>

https://covertactionmagazine.com/2022/11/26/star-cia-analysts-are-out-of-touch-with-reality-when-it-comes-to-russia/?mc_cid=9fe36b9c5b&mc_eid=5cd1ec03b1

<https://digitaledition.manilatimes.net/article/281663964013478>

<https://www.statista.com/chart/10010/putin-losing-public-support-on-key-issues/>

<https://www.daily-sun.com/post/650584/Poll-reveals-level-of-Russian-public%E2%80%99s-confidence-in-Putin>

<https://www.pewresearch.org/global/2017/06/20/president-putin-russian-perspective/>